

26. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Dagsetning: 28.8.2024

Fundartími: 16:30 – 18:30

Mætt til fundar:

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Katrín Huld Káradóttir deildarstjóri matvæla

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrárliður: Ný hollustuháttareglugerð hefur tekið gildi

Lagt fram til kynningar ný hollustuháttareglugerð. Samkvæmt pósti frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu dags. 21. ágúst sl. var athygli heilbrigðiseftirlitssvæða vakin á því að umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur sett nýja reglugerð um hollustuhætti sem birt var í Stjórnartíðindum þann 26. júlí sl. Samhliða fellur á brott fyrri reglugerð um sama efni, nr. 941/2002.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að reglugerðin um hollustuhætti væri n.k. hryggjarstykki í starfi heilbrigðiseftirlits, þar sem gerð væri grein fyrir meginverkefnum heilbrigðiseftirlitsins. Í nýrri reglugerð væri ítarlegri texti um hlutverk Umhverfisstofnunar í samræmingu heilbrigðiseftirlits og í að útbúa starfsskilyrði og kröfur í samræmi við lög og reglugerðir. Ekki væri hægt að sjá að aðrar breytingar séu til þess fallnar að einfalda ferla og minnka kostnað við leyfisveitingar og eftirlit. Þannig væri nú gert ráð fyrir að auglýsa þyrfti öll starfsleyfi í fjórar vikur fyrir útgáfu og heilbrigðiseftirliti veitar fjórar vikur til að fara yfir og ganga frá starfsleyfum. Að mati framkvæmdastjóra er ný reglugerð ekki nægjanlega kynnt og ljóst að breyta þarf tilvísunum í öllum starfsleyfisskilyrðum og starfsskilyrðum svo þau séu til samræmis við ný útgefna reglugerð.

Heilbrigðisnefnd tekur undir athugasemdir um að mikilvægt sé að svo viðamikil reglugerð um störf heilbrigðiseftirlits þurfi að kynna með markvissum og skipulögðum hætti og skorar á umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið að skipuleggja ítarlega fræðslu og kynningu á nýrri reglugerð, bæði fyrir hagaðila sem og fyrir heilbrigðiseftirlissvæðin.

2. Dagskrárliður: Coda Terminal, umhverfismatsskýrsla

Lögð fram endanleg umsögn heilbrigðisnefndar sem kynnt var á síðasta fundi 28. júní sl.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

3. Dagskrárliður: Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna stækkunar Straumsvíkurhafnar

Lögð fram beiðni skipulagsins í Hafnarfirði þar sem óskað er umsagnar á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2023-12025 vegna stækkunar Straumsvíkurhafnar og stækkun efnistökusvæðis Rauðamelsnámu.

Forsendur breytinganna er að bæta hafnaraðstöðu við Straumsvíkurhöfn. Með stækkun hafnarinnar og nýju byggingarsvæði innan hafnarsvæðisins eykst geta Hafnarfjarðarhafna til að taka á móti fleiri skipum. Efnistaka verður að mestu úr Rauðamelsnámu en sú náma þykir heppilegust vegna hlutfalls stórgrýtis og vegna nálægðar við framkvæmdasvæðið.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlits, en þar kemur m.a. fram að það þurfi að hafa til hliðsjónar áformaðar framkvæmdir Coda Terminal í Straumsvík. Umsögn heilbrigðiseftirlits fjallar um valkostagreiningu þar sem vakin er athygli á að hlutverk valkostagreiningar er ekki einungis fjárhagsleg hagkvæmni athugun, heldur á hún að stuðla að betra samráði og þátttöku almennings og annarra hagsmunaaðila, þannig að með mismunandi valkosti er hægt að fá fleiri sjónarmið og betri innsýn í hvaða áhrif framkvæmdir geta haft. Þannig er áherslan á valkostagreiningu til að tryggja að allar mögulegar lausnir séu skoðaðar og að valið sé sú lausn sem hefur minnst neikvæð áhrif á umhverfið og samfélagið. Litið til þess að flestir umhverfisþættir eru með óverulega neikvæð áhrif til verulega neikvæðra áhrifa, þá hefði verið áhugavert að sjá samsvarandi vægiseinkunn t.d. til staðsetningar hafnarinnar við Óttarsstaði. Þá er vakin athygli á mikilvægi vöktunaráætlanna við Straumsvíkurtjarnir og farið sé með gát á framkvæmdatíma. Einnig er fjallað um strandsjávarhlotið Straumsvík-Kjalarnes og mikilvægi þess að það sé vaktað á framkvæmdatíma, en tímabundin áhrif geta orðið á lífríki tjarnanna sem geta orðið bein og varanleg en gætu orðið afturkræf ef framkvæmdir eru stöðvaðar eða endurskoðaðar ef vöktunáætlun er með þeim hætti að hægt er að bregðast við í tíma.

4. Dagskrárliður: Hraunshólt vestra - deiliskipulagsbreyting

Lagt fram erindi skipulagsins í Garðabæ dags. 13. júní sl. þar sem óskað er umsagnar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Hraunsholt vestra – farsímasendir við Ásabraut. Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi þar sem gert er ráð fyrir 12 metra háu mastri fyrir fjarskiptalofnet staðsett við Ásabraut.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir.

5. Dagskrárliður: Aðalskipulag Garðabæjar - rammahluti Vífilstaðalands

Heilbrigðiseftirlitið hefur fengið til umsagnar tillögu til forkynningar að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2023, þ.e. rammahluti Vífilstaðalands. Um er að ræða í flestum tilfellum að verið sé að fjölga íbúðum ef frá er talið reitur 4.04 Hnoðraholt suður þar sem fjöldi íbúða fækkar lítillga.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við tillöguna, en vekur athygli á mikilvægi þess að í deiliskipulagi komi fram skýrir skilmálar er varðar samvist ólíkrar starfsemi, þ.e. samspil atvinnu- og íbúðarhúsnæðis og tekið sé tillit til krafna sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og jafnframt sé hugað að þáttum eins og lyktarmengun og lýsingu, þ.e. reyklosun og skiltamál séu í samræmi við þarfir íbúa.

Heilbrigðisnefnd staðfestir athugasemdir heilbrigðiseftirlits.

6. Dagskrárliður: Deiliskipulagsbreyting Hnoðraholt norður, Garðabæ

Lagt fram erindi skipulagsins í Garðabæ dags. 13. júní sl. þar sem óskað er umsagnar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Hnoðraholt – norður, deiliskipulagsbreytingu varðandi Vorbraut 21-61. Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi þar sem gert er ráð að fjölga raðhúsalóðum, samtals 3 lóðir. Heilbrigðiseftirlitið hefur farið yfir ofangreindar tillögur og gerir ekki athugasemdir við framkomnar tillögur.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

7. Dagskrárliður: Kársnes þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags

Skipulagssvæðið nær yfir þróunarsvæði PR-1, sem skilgreint er í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 ásamt aðliggjandi svæðum. Svæðið afmarkast strandlínu Kársness til norðurs og vesturs og af núverandi íbúðarbyggð við Þinghólsbraut, Kársnesbraut og Huldubraut austurs og suðurs. Alls er skipulagssvæðið um 57,2 ha. Rammaskipulag fyrir vestanvert Kársnes snýr einkum að áframhaldandi þróun svæðisins með sérstakri áherslu á góðar samgöngutengingar einkunn fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og almenningsrými. Í skipulagslýsingunni er gerð grein fyrir þeim áherslum sem verða í komandi skipulagsvinnu, forsendum og fyrirliggjandi stefnu sem skipulagið byggir á, umfangi umhverfismats og fyrirhuguðum kynningum og samráði við skipulagsgerðina.

Í Kópavogi hefur markvisst verið unnið að því að regnvatni verði veitt í settjarnir til þess að sía mengun úr vatni sem runnið hefur eftir götum bæjarins áður en því er veitt út í sjó. Kársnesið er eina hverfið í Kópavogi þar sem regnvatn fer enn óhreinsað beint út í sjó. Því er mikilvægt að skoða mögulega hreinsun ofanvatns t.d. með svokölluðum blágrænum ofanvatnslausnum þar sem regnvatni er veitt um græna geira á yfirborði í stað þess að leiða það beint í regnvatnslagnir undir yfirborði. Í skipulagsskilmálum þarf að gera ráð fyrir að jarðvegsmengun verði könnuð á lóðum og framkvæmdasvæðum og að hafa fyrirmæli um að menguðum jarðvegi og urðuðu sorpi verði fargað á viðunandi hátt.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlits, en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins.

8. Dagskrárliður: Breiðamýri - Grásteinsmýri, deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga um breytingu á deiliskipulagi fyrir Breiðamýri þar sem gerð er sú breyting að heimilaður fjöldi íbúða er fjölgað lítillega.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir.

9. Dagskrárliður: Hraun vestur - Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar

Fyrirhuguð Aðalskipulagsbreytingin er samofinn þróunaráætluninni fyrir Hraun vestur sem hefur verið samþykkt í bæjarstjórn dags. 05.06.24. Í þróunaráætluninni eru sett fram leiðarljós og stýrilínur fyrir framtíðaruppbyggingu svæðisins alls og er hún mikilvægt verkfæri inn í frekari skipulagsvinnu þó hún sé ekki bindandi skipulagsáætlun. Uppbygging á svæðinu mun gerast í áföngum og taka tíma. Skipulagsrammi þróunaráætlunarinnar er því sveigjanlegur og tekur mið af aðstæðum á hverjum reit/svæði fyrir sig. Framtíðarsýnin er í meginatriðum að svæðið fái að þróast og byggjast upp á grunni núverandi byggðar, forsendum þróunaráætlunarinnar og að frumkvæði einstakra lóðarhafa.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlits, þar sem m.a. er vakin athygli á að gert er ráð fyrir blandaðri starfsemi á svæðinu og að tryggja þurfi gott samspil búsetu og fjölbreyttrar atvinnustarfsemi.

10. Dagskrárliður: Tónahvarf 4 og ný lóð Tónahvarf 4a

Lögð fram umsagnarbeiðni vegna breytinga á lóðarmörkum Tónahvarfs 4 og að stofnuð verði ný lóð, Tónahvarf 4a vegna fjarskiptamasturs.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlits um að gera ekki athugasemdir við tillöguna.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including what appears to be 'JH', 'WTF', and 'SKH'.

11. Dagskrárliður: Arnarland, deiliskipulag íbúðabyggðar og breyting á aðalskipulagi

Lögð fram beiðni skipulagssvið Garðabæjar þar sem óskað er umsagnar á tillögu um deiliskipulag og breytingu á aðalskipulagi fyrir Arnarland.

Heilbrigðisnefnd fjallaði um skipulagslýsingu fyrir Arnarland dags. 14. mars 2022 og vill árétta ábendingar sem þar komu fram auk þess rýnt hefur verið í hljóðkort fyrir svæðið.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlits sem m.a. bendir á að ekki sé nægjanlega gert ráð fyrir að draga úr hljóðmengun frá Hafnafjarðarvegi fyrir fjölbýli á mörkum Ós- og Nesakurs og skoða þurfi hvort ekki sé ástæða til að hækka og fjölga hljóðskermum til að skapa ásættanlega hljóðvist. Auk þess eru gerðar ábendingar um að hugað sé að samspili atvinnulífs og íbúðabyggðar, samgöngum frá skóla, fráveitumálum og blágrænum ofanvatnslausnum.

12. Dagskrárliður: Tungumelar athafnasvæði - lýsing

Lögð fram beiðni skipulagsins í Mosfellsbæ þar sem óskað er umsagnar á skipulagslýsingu að nýju athafnasvæði að Tungumelum sem unnið er í samræmi við Aðalskipulag Mosfellsbæjar.

Markmið deiliskipulagsins er að koma fyrir fjölbreyttum atvinnulóðum með góða tengingu við Hringveg um Fossaveg. Fella skal lóðir, byggingareiti og götur að landi og náttúrulegum staðháttum og að taka tillit til ræktaðra svæða og nálægðar við Köldukvísl. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Fossavegi til norðurs og Hringvegi (Vesturlandsvegi) til vesturs. Til suðurs afmarkast svæðið af útivistarsvæði á bökkum Köldukvíslar og til austurs af opnu svæði við rætur Mosfells.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlits þar sem m.a. er vikið að fráveitumálum, geymslu og vinnslu jarðefna, hljóðvist í hverfinu með hliðsjón af nálægð við Vesturlandsveg og afmörkun hverfisins með tilliti til umgengni.

13. Dagskrárliður: Deiliskipulag fyrir dælustöð við Hólmatún

Lögð fram beiðni Skipulagsins í Garðabæ þar sem óskað er umsagnar á tillögu um breytingu á deiliskipulagi Deildar og Landakots. Í tillögunni er gert ráð fyrir 785 m² lóð fyrir dælustöð. Innan byggingarreits er heimilt að reisa dælistöð fyrir skólp með þeim tækjabúnaði sem stöðin krefst í samræmi við reglugerð um fráveitu og skólp nr. 789/1999. Til bráðarbirgða verði heimilt að reisa mannvirki, s.s. gám fyrir grófhreinsun á skólpi sem í dag rennur óhreinsað út í sjó við Hrakhólma.

Í greinargerð með deiliskipulagstillögunni kemur fram að verið sé að gera úrbætur í fráveitumálum Garðabæjar til framtíðar. Gert er ráð fyrir að afmörkuð verði lóð 785 m² fyrir dælustöð og með þeirri breytingu verði hægt að leggja af rotþrær á Álftanesi og að allt skólp fari í grófhreinsun við Hrakhólma. *Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlits þar sem m.a. kemur fram að hér sé um tímabundna lausn að ræða en mikilvægt sé að huga að framtíðarlausn fyrir sveitarfélagið þar sem komið verði á hreinsun á fráveituvatni í samræmi við tilskipun ESB og eins að unnið verði að lausnum til að minnka það magn sem fer í fráveitukerfið. Heilbrigðisnefnd telur mikilvægt að horft sé til samreksturs sveitarfélaganna í fráveitumálum þar sem hugað verði að landsvæði undir hreinsimannvirki en samkvæmt mati Veitna þarf a.m.k. 15 hektara undir stöð sem uppfyllir 3-4 þrepa hreinsun.*

14. Dagskrárliður: Farsímasendir við Suðurnesveg, Álftanesi - deiliskipulagsbreyting

Lögð fram beiðni skipulagssvið Garðabæjar þar sem óskað er umsagnar um breytingu á deiliskipulagi Helguvíkur svæði 3 á Álftanesi. Um er að ræða koma fyrir í deiliskipulagi farsímasendi til þess að bæta móttökuskilyrði á Suðurnesi á Álftanesi.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlits. Ekki eru gerðar athugasemdir við breytinguna.

15. Dagskrárliður: Eskiás, deiliskipulagsbreyting Ása og Grunda

Lögð fram beiðni skipulagsins í Garðabæ þar sem óskað er umsagnar á breytingu á deiliskipulagi fyrir Ása og Grunda, er varðar fjölbýlishúsabyggð við Eskiás.

Tillagan gengur ráð fyrir að hámarksfjöldi íbúa við Eskiás fjölgar um 22 eða úr 276-298. Þá er byggingareitum á lóðunum nr. 7 og 10 breytt auk þess sem að hámarks hæðafjöldi hækkar úr tveimur í þrjár á lóðunum.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlits þar sem m.a. er bent á að eðlilegt sé að fjallað sé um áhrif breytinga á deiliskipulaginu á þær byggingar sem þegar eru á svæðinu, s.s. skuggavarp og aðra áhrifaþætti á nærliggjandi byggð.

16. Dagskrárliður: Búðir - athafnasvæði, deiliskipulagsbreyting

Lögð fram beiðni skipulagsins í Garðabæ um umsögn um deiliskipulagsbreytingu fyrir Búðir, athafnasvæði.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlits þar sem m.a. koma fram ábendingar um hávaða og skiltamál.

17. Dagskrárliður: Bæjargil, deiliskipulagsbreyting þegar byggð svæðis

Lögð fram beiðni skipulagsins í Garðabæ þar sem óskað er umsagnar á deiliskipulagstillögu fyrir Bæjargil.

Heilbrigðisnefnd hefur áður veitt umsögn um kynningu á tillögunni og vakið athygli á mikilvægi þess að gæði Arnarslæks verði ekki skert.

Heilbrigðisnefnd tekur undir ábendingu heilbrigðiseftirlits, þar sem vakin er athygli á að gæði vatns í Arnarneslæk verði ekki skert með óæskilegri útskolun t.d. olíuefna í rennusteina og regnvatnslagnir. Ástæða væri til að árétta það í skipulagsskilmálum.

18. Dagskrárliður: Hæðir, deiliskipulag

Lögð fram beiðni skipulagsins í Garðabæ þar sem óskað er umsagnar á deiliskipulagi á þegar skipulögðu þéttbýlissvæði, Hæðir.

Heilbrigðisnefnd hefur áður fjallað um lýsingu á þessu deiliskipulagi og ítrekar fyrri bókun um *Heilbrigðisnefnd tekur undir ábendingar heilbrigðiseftirlitsins, þar sem vakin er athygli á að íbúum sé kynnt mikilvægi þess að gæði vatns í Arnarneslæk verði ekki skert.*

19. Dagskrárliður: Blikastaðaland, deiliskipulag fyrir verslunar, þjónustu og athafnasvæði

Lögð fram beiðni skipulagsins í Mosfellsbæ þar sem óskað er umsagnar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi verslunar, þjónustu- og athafnasvæði í Blikastaðalandi. Breytingin felst í að lóðir A og B eru sameinaðar og lóðamörk þeirra lóða uppfærð. Gerðar eru breytingar á byggingareitum á lóðum A-B og D. Samhliða breytingum byggingareita eru gerðar uppfærslur á byggingarmagni viðkomandi reita.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlits þar sem m.a. er fjallað um fyrirkomulag fráveitumála. Þá er vakin athygli á að þó svo gert sé ráð fyrir blágrænum ofanvatnslausnum er mikilvægt að slíkar lausnir þurfa að tryggja að ekki rýrni gæði þeirra vatnshlota sem liggja um svæðið. Einnig er mikilvægt að á framkvæmdatíma sé komið í veg fyrir mengun ofanvatns, s.s. leirburði og losun frá byggingarsvæðum út í yfirborðsvatn.

JK

Handwritten signatures and initials in blue ink.

20. Dagskrárliður: 14. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 26.06.2024

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 3. júlí sl. til kynningar og staðfestingar í heilbrigðisnefnd.

21. Dagskrárliður: 15. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 03.07.2024

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 3. júlí sl. til kynningar staðfestingar í heilbrigðisnefnd.

22. Dagskrárliður: 16. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 10.07.2024

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 10. júlí sl. til kynningar staðfestingar í heilbrigðisnefnd.

23. Dagskrárliður: 17. Afgreiðslufundur HEF dags. 17.07.2024

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 17. júlí sl. til kynningar staðfestingar í heilbrigðisnefnd.

24. Dagskrárliður: 18. Afgreiðslufundur HEF dags. 24.07.2024

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 24. júlí sl. til kynningar staðfestingar í heilbrigðisnefnd.

25. Dagskrárliður: 19. Afgreiðslufundur HEF dags. 31.07.2024

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 31. júlí sl. til kynningar staðfestingar í heilbrigðisnefnd.

26. Dagskrárliður: 20. Afgreiðslufundur 07.08.2024

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 7. ágúst sl. til kynningar og staðfestingar í heilbrigðisnefnd.

27. Dagskrárliður: 21. Afgreiðslufundur dags. 14.08.2024

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 14. ágúst sl. til kynningar og staðfestingar í heilbrigðisnefnd.

28. Dagskrárliður: 22. Afgreiðslufundur dags. 21.08.2024

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 21. ágúst sl. til kynningar og staðfestingar í heilbrigðisnefnd.

Undirskrift fundargerðar

Svanur Karl Grjetarsson formaður



Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður



Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður



Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður



Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

15. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 3.7.2024
Boðaðir:

Fundartími: 08:30 – 09:30
Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir
Fundarstjóri: Hörður Þorsteinsson
Ritari: Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

- 3. Suðurgata 73 Hafnarfirði - kennslustaður - starfsleyfi
- 6. Klausturhvammur 40 Hafnarfirði - daggæsla - starfsleyfi
- 10. Hlíðasmári 17 Kópavogi - tannlæknastofa - skráningarskyldur atvinnurekstur
- 25. Strandgata 75 Hafnarfirði - veitingastaður - rekstrarleyfi
- 37. Lækjargata 46 Hafnarfirði - bensínstöð - starfsleyfi
- 44. Borgarhella 5, Hafnarfirði - matvælaframleiðsla
- 47. Eyrartröð 2a, Hafnarfirði - þvottahús - starfsleyfi
- 55. Lækjargata 46, Hafnarfirði - bón og bílaþvottur - Skráning

3. Suðurgata 73 Hafnarfirði - kennslustaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Ásmundar Kristjánssonar f.h. Annríki-Þjóðbúningar og skart ehf., kt. 700693-2799 dags. 28.06.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir kennslustað að Suðurgötu 73 Hafnarfirði. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 02.03.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

6. Klausturhvammur 40 Hafnarfirði - daggæsla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Þórunnar Sigurðardóttur kt. 120270-4359 dags. 27.06.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir daggæslu í heimahúsi, 6-10 börn, að Klausturhvammi 40 Hafnarfirði. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 02.07.2024.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

10. Hlíðasmári 17 Kópavogi - tannlæknastofa - skráningarskyldur atvinnurekstur

Lögð fram umsókn Arnviðs Ævars Björnssonar f.h. Radix rótþyllingar, kt. 660722-0410, dags. 24.06.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir tannlæknastofu að Hlíðasmára 17 Kópavogi. Fasteignanr. F2236280. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 02.07.2024.

Með vísun til ákvæða um hollustuhætti og mengunarvarnir er skráning staðfest.

25. Strandgata 75 Hafnarfirði - veitingastaður - rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 29.05.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Pasta23 ehf., kt.540723-0360 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir Veitingaleyfi - A Veitingahús - Flokkur II. fyrir Napoli veitingastað að Strandgötu 75, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2235049.

Neikvæð umsögn send dags 03.07.2024. Starfsleyfisumsókn hefur ekki borist.

37. Lækjargata 46 Hafnarfirði - bensínstöð - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Viktors Ö. Guðmundssonar f.h. N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 15.05.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir þjónustustöð/bensínstöð að Lækjargötu 46, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2081209. Endurnýjun. Minnisblað dags. 02.07.2024

Með vísan til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

44. Borgarhella 5, Hafnarfirði - matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Nílsínu Larsen Einarsdóttur f.h. Svepparíkið ehf., kt. 650422-0310, dags. 11.03.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Borgahellu 5, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2513904. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýsla dags. 11.06.2024. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 13.03.2024. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 14.03.2024. Er í vinnslu að lagðar verði inn nýjar teikningar með breyttri notkun á húsnæðinu. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 26.06.2024.

Með vísan til matvælaeiglurugerða er starfsleyfi samþykkt.

47. Eyrartröð 2a, Hafnarfirði - þvottahús - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Stefáns Geirs Þorvaldssonar f.h. Nostra ræstingar ehf., kt. 430309-1020, dags. 19.04.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir þvottahús og ræstingar að Eyrartröð 2a, Hafnarfirði. Fasteignanr. F224-6623. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla 27.05.2024. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 23.04.2024. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags. 19.06.2024. Sett í auglýsingu 3.6.2024

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

55. Lækjargata 46, Hafnarfirði - bón og bílaþvottur - Skráning

Lögð fram umsókn Viktors Arnar Guðmundssonar f.h. N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 20.02.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir bón- og bifreiðaþvott að Lækjargötu 46, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2081209. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags 20.03.2024.

Með vísan til mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest með fyrirvara um úrbætur.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

16. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 10.7.2024

Boðaðir:

Fundartími: 08:30 – 09:30

Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir

Fundarstjóri:

Hörður Þorsteinsson

Ritari:

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Hlíðasmári 8 Kópavogi - kennslustaður - starfsleyfi
2. Skeiðarás 12, Garðabæ - þvottahús
3. Dalvegur 28 Kópavogi - endurnýting úrgangs - starfsleyfi
4. Bæjarhraun 4, Hafnarfirði - gististaður - umsögn - rekstrarleyfi
5. Bæjarhraun 4, Hafnarfirði - gististaður - starfsleyfi

1. Hlíðasmári 8 Kópavogi - kennslustaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Hjalti Ómarssonar f.h. Retor sf., kt. 440708-2340 dags. 4.07.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir kennslustað að Hlíðasmára 8 Kópavogi. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.05.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2. Skeiðarás 12, Garðabæ - þvottahús

Lögð fram umsókn Arnars Þorsteinssonar f.h. Aþ-Þrif ehf., kt. 450706-0350, dags. 22.05.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir þvottahús að Skeiðarási 12, Garðabæ. Fasteignanr. F224-5786. Breytingar á húsnæði.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.05.2024. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 28.05.2024. Jákvætt svar 28.05.2024. Sett í auglýsingu 5.6.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3. Dalvegur 28 Kópavogi - endurnýting úrgangs - starfsleyfi

Lögð er fram umsókn Helga Lárussonar f.h. Endurvinnslan hf., kt. 610789-1299 dags. 19.06.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir móttöku skilaskyldra drykkjarumbúða að Dalvegi 28 Kópavogi. Fasteignanr. F2059496. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 4. júlí 2024. Má samþykka á afgreiðslufundi 10.7.24.

með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4. Bæjarhraun 4, Hafnarfirði - gististaður - umsögn - rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 02.05.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn HogM ehf., kt. 621223-0540 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. IV –B stærra gistiheimili að Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074253, F2074256, F2074257.

Eftirlitsskýrsla dags. 12.06.2024.

Jákvæð umsögn staðfest.

5. Bæjarhraun 4, Hafnarfirði - gististaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Margrétar H. Halldórsdóttur f.h. HogM ehf.,/ Base apartments, dags. 13.05.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gistiheimili að Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 12.06.2024. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 12.06.2024. Jákvætt svar dags. 09.07.2024.

Með vísan til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

17. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 17.7.2024

Boðaðir:

Fundartími: 08:30 – 09:30

Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkhartur F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir

Fundarstjóri:

Hörður Þorsteinsson

Ritari:

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Víðistaðatún, Barnafestival
2. Auðbrekka 2, Kópavogi - matvöruverslun, takmarkað umfang - starfsleyfi
3. Auðbrekka 2, Kópavogi, tóbaksleyfi
4. Fornubúðir 5 Hafnarfirði - dreifing matvæla - starfsleyfi
5. Umsagnarbeiðni v. tækifærisleyfis - Barnahátíð Víðistaðatúni
6. Umsagnarbeiðni v. tækifærisleyfis - Flugmódelafélagið Þytur
7. Suðurhella 8 Hafnarfjörður - dreifing matvæla - starfsleyfi
8. Urðarhvarf 8 Kópavogi - læknastofa - starfsleyfi
9. Smiðjuvegur 2 Kópavogi - matvöruverslun - starfsleyfi
10. Smiðjuvegur 2 Kópavogi - matvöruverslun - tóbaksleyfi
11. Austurströnd 8 Seltjarnarnesi - umsögn - rekstrarleyfi

1. Víðistaðatún, Barnafestival

Lögð fram umsókn Jóns E. Ottesen, sem sækir um starfsleyfi fyrir „barnafestivali“, útihátíð á Víðistaðatúni í Hafnarfirði, dags. 27. júlí 2024.

Lögð hefur verið fram staðfesting á leigu á salernum í samræmi við áætlaðan fjölda gesta.

Starfsleyfið samþykkt.

2. Auðbrekka 2, Kópavogi - matvöruverslun, takmarkað umfang - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Jóns Þórs Ágústssonar f.h. King Kong ehf. kt. 4502241700, dags. 15.07.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir söluturn með tóbak og innpökkuð matvæli að Auðbrekku 2, Kópavogi. Nýtt leyfi. Eftirlitsskýrsla dags 16.07.2024

Starfsleyfi er samþykkt til 4 ára.

3. Auðbrekka 2, Kópavogi, tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn Jóns Þórs Ágústssonar f.h. King Kong ehf. kt. 4502241700, dags. 10.07.2024 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir söluturn að Auðbrekku 2, Kópavogi. Fasteignanúmer 205-8812. Nýtt leyfi.

Eftirlitsskýrsla dags 16.07.2024

Tóbaksleyfi er samþykkt til 4 ára.

4. Fornubúðir 5 Hafnarfirði - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Páls Hermanns Kolbeinssonar f.h. FB vöruhús kt. 681123-1800, dags. 03.07.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Fornubúðum 5 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2231881. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags.17.07.2024.
Með vísun til matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt.

5. Umsagnarbeiðni v. tækifærisleyfis - Barnahátíð Víðistaðatúni

Sýslumaður óskar eftir umsögn dags. 11.07.2024 um tækifærisleyfi fyrir Jónu Elísabet Ottesen vegna skemmtanahalds á Víðistaðatúni í Hafnarfirði þann 27. júlí frá kl: 11:00 til kl: 16:00 í tilefni af barnahátíð. Áætlaður gestafjöldi: 3000
Jákvæð umsögn staðfest.

6. Umsagnarbeiðni v. tækifærisleyfis – Óliver Kjartansson

Sýslumaður óskar eftir umsögn dags. 08.07.2024 um tækifærisleyfi fyrir Óliver Kjartansson kt.080206-2910 vegna skemmtanahalds á túni félagsins við Hvaleyrarvatnsveg í Hafnarfirði þann 19. júlí frá kl: 20:00 til kl: 02:00 aðfararnótt 20. júlí. Áætlaður gestafjöldi: 180 Áætluð aldursdreifing gesta: 17-18 ára. Hefur lagt fram staðfestingu á leigu á salernum og jafnframt leigusamning um afnotarétt af svæði Flugmótelsfélagsins.
Jákvæð umsögn staðfest,

7. Suðurhella 8 Hafnarfjörður - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Þóreyjar Haraldsdóttur f.h. Florealis ehf., kt. 430613-0650 dags. 25.06.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Suðurhelli 8 Hafnarfirði Fasteignanr. F2306865. Breyting á starfsemi. Dreifing er frá vöruhúsi Distica og Gorilla. Eftirlitsskýrsla dags.17.07.2024.
Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerðar er starfsleyfi samþykkt.

8. Urðarhvarf 8 Kópavogi - læknastofa - starfsleyfi

Lögð er fram umsókn Þóris Harðarsonar f.h. Sunna Frjósemi ehf., kt. 640124-0670 dags. 25.06.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir læknastofu að Urðarhvarfi 8 Kópavogi. Fasteignanr. F2300527. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 17.07.2024.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

9. Smiðjuvegur 2 Kópavogi - matvöruverslun - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Monika Weryszko f.h. Super Store ehf., kt. 510923-1620 dags. 03.06.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun að Smiðjuvegi 2 Kópavogi. Fasteignanr. F2263521. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 17.07.2024.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

10. Smiðjuvegur 2 Kópavogi - matvöruverslun - tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn Monika Weryszko f.h. Super Store ehf., kt. 510923-1620 dags. 03.06.2024 þar sem sótt er um nýtt tóbaksleyfi fyrir matvöruverslun að Smiðjuvegi 2, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 17.07.2024.
Tóbaksleyfi er samþykkt til 4 ára.

11. Austurströnd 8 Seltjarnarnesi - umsögn - rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 13.05.2024 þar sem sótt er um umsögn fyrir rekstrarleyfi fyrir reksturs Gististaðir í Flokkur II - C Minna gistiheimili - í flokki II að Austurströnd 8, Seltjarnarnesi. Ekki liggur fyrir starfsleyfisumsókn.

Neikvæð umsögn, þar sem ekki liggur fyrir starfsleyfi.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

18. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 24.7.2024

Boðaðir:

Fundartími: 08:30 – 09:30

Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkhartur F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir

Fundarstjóri:

Hörður Þorsteinsson

Ritari:

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

- 4. Skemmuvegur 2a, Kópavogi - umfangslitil matvælaframleiðsla - starfsleyfi
- 12. Borgahella 7e, Hafnarfirði - innflutningur og framleiðsla áfengis
- 14. Víkurströnd 7A, Seltjarnarnes - dreifing matvæla - starfsleyfi
- 25. Hamraborg 9 Kópavogi - nuddstofa - skráningarskyldur atvinnurekstur

4. Skemmuvegur 2a, Kópavogi - umfangslitil matvælaframleiðsla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Jóns Helga Guðmundssonar kt.120204-2110 f.h. óBarinn ehf. kt.510624-0680 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir undirbúning á hráefnum í kokteila, starfstöð að Skemmuvegi 2 í Kópavogi, í mötuneyti BYKO eftir lokun Áfengi geymt annarsstaðar.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.07.2024

Með vísan til matvælaeglugerðar er starfsleyfi fyrir umfangslitla matvælaframleiðsla og þökkun samþykkt.

12. Borgahella 7e, Hafnarfirði - innflutningur og framleiðsla áfengis

Lögð er fram umsókn Anold Cruz f.h. Ab cruz ehf. Íslenska áfengis félagið kt.640322-0710, þar sem sótt er um breytingu á starfsleyfi varðandi áfengisframleiðsla. Blönduð steruvíni, innflutningur og útflutningur. Breyting á húsnæði. Eftirlitsskýrsla dags.19.07.2024.

Starfsleyfi samþykkt.

14. Víkurströnd 7A, Seltjarnarnes - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Elínar Jónsdóttur f.h. Heildræn heilsa ehf. kt. 571018-0120, dags. 10.07.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla. Dreifing frá vöruhóteli. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags.24.07.2024.

Með vísan til reglugerðar um hollustuhætti og matvælaeglugerða er starfsleyfi samþykkt.

25. Hamraborg 9 Kópavogi - nuddstofa - skráningarskyldur atvinnurekstur

Lögð fram umsókn Kjartans Sigurðssonar f.h. Carmen López kt. 021069-2809, dags. 21.06.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir nuddstofu að Hamraborg 9 Kópavogi. Fasteignanr. F2061432. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 18.07.2024.Bréf sent byggingafulltrúa dags. 26.06.2024. Endursent 17.7.2024. Jákvætt svar byggingafulltrúa 21.07.2024.

Með vísan til ákvæða hollustuháttareglugerðar er skráning staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

19. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 31.7.2024

Boðaðir:

Fundartími: 08:30 – 09:30

Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarisdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir

Fundarstjóri:

Hörður Þorsteinsson

Ritari:

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Skemmuvegur 2A, Kópavogi - umsagnarbeiðni, rekstrarleyfi
2. Vesturvör 32b Kópavogi - leiksvæði/útleiga á búnaði f. matvæli - starfsleyfi
3. Smáratorg 1, Kópavogur - matsöluvagn - starfsleyfi
4. Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla - starfsleyfi

1. Skemmuvegur 2A, Kópavogi - umsagnarbeiðni, rekstrarleyfi

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu um umsókn óBarinn ehf., kt. 510624-0680 um Veitingaleyfi - D veisluþjónusta og veitingaverslun - Flokkur II að Skemmuvegi 2A, Kópavogi. Afgreiðslutími áfengis frá 16:00-22:00 á virkum dögum og 16:00-23:00 aðfaranætur frídaga. Hámarksgestafjöldi 40. Fasteignanr. F2064858

Jákvæð umsögn veitt.

2. Vesturvör 32b Kópavogi - leiksvæði/útleiga á búnaði f. matvæli - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Ernis Skorra Péturssonar f.h. Rentaparty ehf., kt. 650118-1380, dags. 21.06.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir útleiga á búnaði fyrir skemmtanir s.s. poppvélum og krapvélum að Vesturvör 32b Kópavogi. Fasteignanr. F2308040. Ný starfsemi.. Eftirlitsskýrsla dags. 30.07.2024.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3. Smáratorg 1, Kópavogur - matsöluvagn - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sigurður Elí Bergsteinssonar f.h. Vefjan Veitingar ehf. kt. 630523-2300, dags. 19.07.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matsöluvagn. Skráningarnúmer: PP-851. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags 30.7.2024.

Með vísun til matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfisumsókn samþykkt til 4 ára.

4. Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Helgu Haraldsdóttur f.h. Kandís kt. 700921-0770 dags. 04.06.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397.

Eftirlitsskýrsla dags. 31.7.2024.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

20. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 7.8.2024

Boðaðir:

Fundartími: 00:00 – 00:00

Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir

Fundarstjóri:

Ritari:

Hörður Þorsteinsson

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Urðarbraut 9, Kópavogur - Niðurrif, skráning

1. Urðarbraut 9, Kópavogur - Niðurrif, skráning

Lögð fram umsókn Jón Arnars Baldurssonar, kt. 2003683049 um niðurrif á bílskúr við einbýlishús, Urðarbraut 9, Kópavogi.

Niðurrif á bílskúr samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

21. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 14.8.2024

Boðaðir:

Fundartími: 09:00 – 10:00

Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir

Fundarstjóri:

Ritari:

Hörður Þorsteinsson

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Reykjavegur 36, Mosfellsbær - Tímabundin dreifing matvæla
2. Víkurströnd 7A, Seltjarnarnes - dreifing matvæla frá vöruhúsi - starfsleyfi
3. Thorpsplan Strandgötu Hafnarfirði - matvæli - tímabundið starfsleyfi
4. Flatahraun 5a Hafnarfirði - veitingastaður - starfsleyfi
5. Dalsmári 23 Kópavogi - gæsluvöllur - starfsleyfi
6. Háholt 2 Mosfellsbæ - Hlégarður - umsögn - tækifærisleyfi
7. Hraunvangur 7 Hrafnista - Fótaaðgerðastofa
8. Flatahraun 5A, Hafnarfirði - umsögn um rekstrarleyfi
9. Guðmundarlundur, Kópavogi - umsögn um tækifærisleyfi
10. Smáratorg 3 Kópavogi - matvöruverslun - starfsleyfi
11. Skólabraut 6-10 Mosfellsbæ - grunnskóli - starfsleyfi

1. Reykjavegur 36, Mosfellsbær - Tímabundin dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Jóhönnu Logadóttur Hólm f.h. Ísfugl ehf., kt. 671087-1439 fyrir tímabundnu starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla á bæjarhátíðinni "Í túninu heima". Sama leyfi var gefið út í fyrra.

Lagt fram minnisblað dags. 14.08.2024.

Tímabundið starfsleyfi samþykkt.

2. Víkurströnd 7A, Seltjarnarnes - dreifing matvæla frá vöruhúsi - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Elínar Jónsdóttur f.h. Heildrænnar heilsu, kt: 5710180120, dags 10.07.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir innflutningi og dreifingu matvæla (kókosvatn) frá geymsluhúsnæði, GRANDI101, Fiskislóð 49-51, Reykjavík. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags 12.08.2024.

Með vísan til matvæla reglugerða er starfsleyfi samþykkt.

3. Thorpsplan Strandgötu Hafnarfirði - matvæli - tímabundið starfsleyfi

Lögð fram umsókn Lowana Veal f.h. Samtaka grænkerana, kt. 600613-0300 dags. 08.08.2024 þar sem sótt er um tímabundið starfsleyfi fyrir sölu matvæla á Thorsplani Hafnarfirði á meðan hátíðin VEGAN FESTIVAL stendur yfir sunnudaginn 18. ágúst frá kl. 13-17. Tímabundið leyfi

Minnisblað 13.08.2024.

Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er tímabundið starfsleyfi samþykkt.

4. Flatahraun 5a Hafnarfirði - veitingastaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Alexíu Valgeirsdóttur f.h. Dúos ehf., kt. 680415-1290, dags. 07.08.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Flatahrauni 5a Hafnarfirði. Fasteignanr. F2554403. Ný starfsemi. Tekur við af veitingastaðnum Burgerinn. Eftirlitsskýrsla dags. 14.08.2024

Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5. Dalsmári 23 Kópavogi - gæsluvöllur - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sigurlaugar Bjarnadóttur f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759 dags. 08.08.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gæsluvöll að Dalsmára 23 Kópavogi. Fasteignanr. F2235095. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 13.8.2024.

Með vísan til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

6. Háholt 2 Mosfellsbæ - Hlégarður - umsögn - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 09.08.2024 f.h. 270 viðburðir ehf., kt. 620823-0660 þar sem sótt er um tækifærisleyfi-Tímabundið áfengisleyfi fyrir samkomu þann 30.08.2024 frá kl. 12:00 - kl. 02:00 þann 31.08.2024 í tilefni af bæjarhátíðinni í túninu heima. Áætlaður gestafjöldi er 500 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

7. Hraunvangur 7 Hrafnista - Fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Berglindar Jónsdóttur kt. 011188-3549 f.h. Fætur og fegurð dags. 22.07.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fótaaðgerðastofu. Lögheimili að Hraunvangi 7-Hrafnistu, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags 13.08.2024.

Með vísan til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

8. Flatahraun 5A, Hafnarfirði - umsögn um rekstrarleyfi

Lögð fram umsóknarbeiðni frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu um umsókn Dúos ehf. kt.680415-1290 um leyfi til að reka veitingastað í flokki II að Flatahrauni 5A í Hafnarfirði. Fasteignanr. F2254403. Gestafjöldi 74.

Jákvæð umsögn staðfest.

9. Guðmundarlundur, Kópavogi - umsögn um tækifærisleyfi

Lögð fram umsóknarbeiðni frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu um umsókn Arons Vals Gunnlaugssonar kt.260506-2690 um að fá tækifærisleyfi fyrir tónlistarskemmtun dags.16.08.2024 frá kl.20-01. Áætlaður gestafjöldi 350.

Staðfesting á leigu snyrtinga liggur fyrir dags. 14.08.2024.

Heilbrigðiseftirlitið veitir jákvæða umsögn.

10. Smáratorg 3 Kópavogi - matvöruverslun - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Helga Hanssonar f.h. Heimkaup ehf / Prís kt. 430910-0190, dags. 18.06.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun að Smáratorgi 3. Fasteignanr. F2289966. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 15.08.2024.

Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

11. Skólabraut 6-10 Mosfellsbæ - grunnskóli - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Hildar Hafbergisdóttur f.h. Mosfellsbæjar kt. 470269-5969 dags. 06.05.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir Kvíslarskóla, grunnskóli 7-10. bekkur. Breyting á húsnæði.

Eftirlitsskýrsla dags. 7.8.2024 .

Með vísan til hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

22. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 21.8.2024

Boðaðir:

Fundartími: 09:00 – 10:00

Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarisdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkhartur F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir

Fundarstjóri:

Hörður Þorsteinsson

Ritari:

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Flugumýri 18 Mosfellsbæ - bifreiða- og vélaverkstæði - skráningarskyldur atvinnurekstur
2. Staðarberg 2-4 Hafnarfirði - tannlæknastofa - annaðHUNDUR
3. Suðurströnd 8 Seltjarnarnesi - umsögn tækifærisleyfi
4. Háholt 14 Mosfellsbæ - umsögn - tækifærisleyfi
5. Nýbýlavegur 14 Kópavogi - matvöruverslun - tilbaksleyfi
6. Miðhraun 14, Garðabæ - Vélsmiðja, skráning
7. Melabraut 29, Hafnarfjörður - gisting - starfsleyfi
8. Austurströnd 8, Seltjarnarnesi - Gisting - starfsleyfi
9. Lyngbrekka 15, Kópavogi - sauna - starfsleyfi
10. Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla
11. Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla - starfsleyfi

1. Flugumýri 18 Mosfellsbæ - bifreiða- og vélaverkstæði - skráningarskyldur atvinnurekstur

Lögð fram umsókn Péturs Guðjónssonar f.h. Fossálar ehf., kt. 470699-2489, þar sem sótt er um skráningarskylda starfsemi fyrir bifreiða- og vélaverkstæði að Flugumýri 18, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2083420. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla 15.08.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

2. Staðarberg 2-4 Hafnarfirði - tannlæknastofa - hundahald

Lögð fram umsókn um frá Hörpu Mjöll Ingadóttur fyrir leyfi fyrir að hafa hund á tannlæknastofu Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði kt. 190554-3339 í sérstöku rými.

Heilbrigðiseftirlitið samþykkir fyrir sitt leyti að hundur sé notaður við starfsemina, að því tilskyldu að farið sé að lýsingu í umsókn og eftirfarandi skilyrðum; Hundurinn skal hafa tilskilin leyfi samkvæmt þeim reglum sem settar eru í sveitarfélaginu þar sem hann á heima. Hundurinn skal vera geðgóður, hreinn, heilbrigður og ormahreinsaður. Birta skal upplýsingar á áberandi stað um að hundur komi reglulega í heimsókn í húsið. Ávallt skal gæta fyllsta hreinlætis. Hundurinn skal vera í taumi fyrir utan aðstöðu stofunnar. Ekki er heimilt að hleypa hundinum inn í meðferðar- og sóttthreinsnirými.

3. Suðurströnd 8 Seltjarnarnesi - umsögn tækifærisleyfi

Lagt fram bréf Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 19.08.2024 f.h. Íþróttafélagið Gróttta, kt. 700371-0779 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir dansleik þann 31.08.2024 frá kl. 21.00 - 02.00 þann 1.09.2024. Áætlaður gestafjöldi 1000 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

4. Háholt 14 Mosfellsbær - umsögn - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 20.08.2024 f.h. Ú99 ehf., kt. 610121-0120 þar sem sótt er um tækifærisleyfi í tilefni af Bæjarhátíð Mosfellsbæjar, í túninu heima á MosóTorg. Þann 31.08.2024 frá kl. 13:00 til kl. 00:00 þann 1.09.2024.

Jákvæð umsögn staðfest.

5. Nýbýlavegur 14 Kópavogi - matvöruverslun - tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn Lozan Adil Karim f.h. City company kt. 480720-1560 dags. 20.08.2024 þar sem sótt er um endurnýjun á tóbaksleyfi.

Tóbakssöluleyfi samþykkt til 4 ára.

6. Miðhraun 14, Garðabæ - Vélsmiðja, skráning

Lögð fram umsókn Bjarna Brynjars Þórissonar, kt. 071062-4659 þar sem sótt er um skráningarskyldan atvinnurekstur, vélaverkstæði, að Miðhrauni 14, Garðabæ. Fasteignanr. F2283449 Ný starfsemi.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 14.08.2024. Jákvætt svar dags. 19.08.2024. Eftirlitsskýrsla dags. 9.8.2024

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

7. Melabraut 29, Hafnarfjörður - gisting - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Mariusz Jachim f.h. Ice Car Iceland ehf., kt. 580518-0360 dags. 17.07.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gistiheimili að Melabraut 29, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2239359. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 18.07.2024. Neikvætt svar frá byggingarfulltrúa dags. 19.08.2024. Umræddur rekstur samræmist ekki samþykkttri notkun.

Með vísun til svars byggingarfulltrúa er umsókninni hafnað.

8. Austurströnd 8, Seltjarnarnesi - Gisting - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Braga Rúnars Axelssonar f.h. Formáli fasteignir ehf., kt. 541022-0820 dags. 17.07.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gistiheimili að Austurströnd 8, Seltjarnarnesi. Fasteignanr. F2066905. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 18.7.2024. Svar byggingarfulltrúa barst 23.7.2024. Húsnæðið sem um er að ræða er ekki samþykkt sem gisting heldur sem skrifstofu/verslunarrými (atvinnuhúsnæði).

Með hliðsjón af svari byggingarfulltrúa er umsókninni hafnað.

9. Lyngbrekka 15, Kópavogi - sauna - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Kristínar Bjarkar Þorvaldsdóttur kt. 170276-4859 f.h. Litla Sauna Húsið dags. 26.05.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir færanlegt sauna. Lögheimili að Lyngbrekku 15, Kópavogi. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 09.08.2024.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

10. Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Auðar Jónsdóttur f.h. NAMM ehf., kt. 550224-2080, dags. 19.02.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerðar er starfsleyfisumsókn hafnað þar sem ekki hafa verið lögð fram fullnægjandi gögn og upplýsingar.

11. Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla - starfsleyfi

L11778 Arnbjörg Linda Jóhannsdóttir - L11778

Lögð fram umsókn Arnbjargar Lindu Jóhannsdóttur, kt. 270959-5719 dags. 13.09.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerðar er starfsleyfisumsókn hafnað þar sem ekki hafa verið lögð fram fullnægjandi gögn og upplýsingar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.